

Ábending vegna áforma um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008 og lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (fagráð eineltismála).

Undirrituðum langar að koma á framfæri ábendingum vegna áforma um frumvarp um fagráð eineltismála.

*Í minni sveitarfélögum er aðgengi að sérfræðiþjónustu stundum ábótavant. Aðgengi að fagráði eineltismála er mikilvægt úrræði fyrir skólasamfélög og ekki hvað síst á landsbyggðinni, en tryggja þarf að úrræðið fái góða kynningu. Þá telja undirritaðar einnig að efla þurfi fræðslu um eineltismál og þá miðlægt. Fræðsla um eineltismál þarf að vera á breiðum grunni og ná til allra sem tilheyra skólasamfélaginu en einnig þeirra sem koma að íþrótt- og æskulýðsstarfi. Í fræðslu ætti að gefa tengslum líðanar og hegðunar barna og ungmenna sérstakan gaum og jafnframt forvörnum og úrræðum.*

Virðingarfyllt

Sædís María Jónatansdóttir og Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir